

Starfsáætlun
Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins
2017

Efnisyfirlit

Inngangur	2
1. Umsýsla Fræðslusjóðs	3
2. Afla upplýsinga og skilgreina menntunarþarfir markhópsins	4
3. Semja námskrár og námslýsingar	5
4. Þróun aðferða í framhaldsfræðslu	6
5. Tryggja gæði og þróun raunfærnimats	8
6. Safna, varðveita og miðla upplýsingum	9
7. Umsjón með þróun náms- og starfsráðgjafar	10
8. Auka gæði í framhaldsfræðslu	11
9. Þróa og viðhalda nemendabókhalda	12
10. Miðla upplýsingum um framhaldsfræðslu	13
11. Undirbúa aðkomu nýrra hópa að framhaldsfræðslu	14
12. NVL	16

Inngangur

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins var stofnuð árið 2002 af ASÍ og SA. Fyrsti samningur við menntamálaráðuneytið var undirritaður á miðju ári 2003. BSRB, fjármálaráðuneyti og Samband íslenskra sveitarfélaga gerðust aðilar að FA á miðju ári 2010. Lög um framhaldsfræðslu voru samþykkt á Alþingi í mars 2010 og tóku gildi 1. október sama ár. Yfirlýsing um eflingu framhaldsfræðslu milli stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins var undirrituð haustið 2010 og sömuleiðis var nýr þjónustusamningur um starfsemi FA til 5 ára undirritaður. Reglugerð á grundvelli framhaldsfræðslulaganna tók gildi í árslok 2011. Núgildandi samningi milli FA og MRN var undirritaður í byrjun árs 2016 og lýkur árið 2021. Árið 2017 er sjöunda starfsár FA á grundvelli nýrra laga.

Markmið starfseminnar eru eftir sem áður þau sömu; að veita markhópum framhaldsfræðslulaga tækifæri til að afla sér menntunar og bæta stöðu sína á vinnumarkaði með tilboðum um vottað nám, náms- og starfsráðgjöf og raunfærnimat hjá viðurkenndum fræðsluaðilum í framhaldsfræðslu.

Starfsáætlunin lýsir ekki daglegri starfsemi félagsins, heldur fyrst og fremst þeim verkefnum sem unnið verður að á árinu 2017 á grundvelli þjónustusamnings við mennta- og menningarmálaráðuneytið. Undanfarin ár hefur IPA verkefnið verið inni í starfsáætlun vegna styrks sem ESB veitti til verkefnisins. ESB rifti samningnum árið 2014 og hefur FA stefnt sambandinu. Á árinu 2016 fékkst um 28 mkr vegna vangoldinnar vinnu og verður það fé m.a. notað til vinnu við vefinn Næsta skref, sem byrjað var á á dögum IPA verkefnisins.

Þróunarvinna sú sem fram hefur farið á vegum MRN við íslenskan hæfniramma, námsskrárgrunn framhaldsfræðslu og gæðaviðmið í framhaldsfræðslu var undirritaður í sept. sl., en FA hefur tekið virkan þátt í þessari þróun. Námskrárgrunnur framhaldsfræðslu er hægt og bítandi að byrja að virka sem vottunarferli námsskráa í framhaldsfræðslu. Framundan er mikið starf við endurskoðun námsskráa í framhaldsfræðslu, sem hefur tafist hingað til. Gert er ráð fyrir aukinni vinnu við hæfnigreiningar og námskrárgerð á næsta ári vegna þessa.

Auk ofangreindra verkefna vinnur FA að nokkrum verkefnum með fulltrúum atvinnulífsins eða á grundvelli annarra samninga, sem hafa samlegðaráhrif í starfinu en eru fjármögnuð með öðrum hætti. Hér ber einkum að nefna vistun á NVL fyrir norrænu ráðherranefndina. Ný samstarfsverkefni sem fengið hafa styrki og verða unnin á næsta ári undir stjórn FA eru m.a. VISKA (Visual Skills of Adults) sem er verkefni unnið fyrir tilstilli MRN. Einnig eru líkur á að FA taki að sér verkefnið Hæfnisetur í ferðapjónustu sem er greitt að mestu leyti af Stjórnstöð ferðamála. Öll þessi verkefni fjalla um þróun eða nýjungar í framhaldsfræðslu.

1. Umsýsla Fræðslusjóðs

Annast umsýslu með Fræðslusjóði og fjárreiðum hans, sbr. 10. gr. laga nr. 27/2010 um framhaldsfræðslu. Fara skal með fjármál sjóðsins í samræmi við lög nr. 88/1997 um fjárreiður ríkisins og reglugerðir sem settar eru á grundvelli þeirra laga. Fjármál og starfsemi Fræðslusjóðs skulu skýrt aðgreind frá starfsemi FA.

Staðan: Fræðslusjóður hefur starfað frá hausti 2010 eða um 6 ár. Stjórn sjóðsins er skipuð af mennta- og menningarmálaráðherra á grundvelli laga nr. 27/2010 um framhaldsfræðslu. Fræðslusjóður deilir út framlögum til viðurkenndra fræðsluaðila á grundvelli laganna til vottaðra námsleiða, náms- og starfsráðgjafar og raunfærnimats. Fræðslusjóður auglýsir eftir umsóknum um styrki til nýsköpunar- og þróunarverkefna. Starfsemi næsta árs byggir á reynslu síðustu sex ára.

Markmið: Umsýsla Fræðslusjóðs og þjónusta stjórn sjóðsins, halda utan um fjárreiður sjóðsins, gera áætlanir, verkferla, samninga og fylgja eftir ákvörðunum sjóðsstjórnar.

Á árinu 2017 verður lögð áhersla á/innið að eftirtöldum verkefnum:

- Annast fundarboð, fundargerðir og almenna þjónustu vegna stjórnarfunda Fræðslusjóðs.
- Gera fjárhagsáætlanir á grundvelli ákvarðana sjóðsstjórnar og upplýsa stjórn sjóðsins um framvindu áætlana með reglulegum hætti.
- Auglýsa eftir umsóknum um framlög og styrki og vinna úr þeim fyrir fundi stjórnar.
- Gera samninga við fræðsluaðila á grundvelli samþykktra úthlutana til verkefna og samninga um endurgreiðslur sé framvinda ekki eins og samningar gerðu ráð fyrir.
- Framkvæma greiðslur, gera bókhald og láta endurskoða ársreikning Fræðslusjóðs.
- Vinna verklagsreglur og verkferla eftir þörfum.
- Taka saman upplýsingar um framvindu verkefna frá fræðsluaðilum eins og skilmálar og úthlutunarreglur Fræðslusjóðs kveða á um.
- Veita sérfræðiráðgjöf vegna umsókna og úthlutana eftir því sem stjórn Fræðslusjóðs óskar eftir.
- Útvega lögfræðiþjónustu ef þörf krefur ef upp koma vafaatriði í samskiptum við fræðsluaðila eða aðra viðskiptavini sjóðsins eftir því sem stjórn Fræðslusjóðs óskar eftir.
- Veita stjórn sjóðsins upplýsingar um tölfræði og árangur starfsins.
- Gera ársskýrslu og ársreikning um starfsemi Fræðslusjóðs.

Umsjón: Björn Garðarsson og Sveinn Aðalsteinsson.

Áætluð stöðugildi: 2,2

2. Afla upplýsinga og skilgreina menntunarþarfir markhópsins

Afla upplýsinga um markhópinn, sbr. a–e-liði 2. gr. og a-lið 3. gr. laga nr. 27/2010 um framhaldsfræðslu og menntunarþarfir hans. Skilgreina menntunarþarfir markhópsins m.a. með hæfnigreiningum í samstarfi við atvinnulíf og fræðsluaðila og byggja upp framboð á lengra og styttra námi til að mæta þeim þörfum.

Staðan: Reglulega er aflað upplýsinga um markhópinn. Fræðsluferli (greining, hönnun, innleiðing og mat) vegna starfstengds náms hefur verið skilgreint. Ferlið byggir á hæfnigreiningum FA, sem eru komnar í ákveðinn farveg og hafa námsskrár og námslýsingar verið skrifaðar sem byggja á þeim, sjá lið 3. í starfsáætlun. Samstarfsaðilar hafa verið þjálfaðir í að nota aðferðafræðina.

Markmið: Halda áfram að þróa vinnubrögð við hæfnigreiningar og þjálfna samstarfsaðila í notkun þeirra. Afla upplýsinga um markhópinn m.a. með því að kortleggja þau störf, sem til greina kemur að hæfnigreina. Vinna markvisst að fjölgun hæfnigreininga og uppbyggingu hæfnigrunns FA. Skilgreina skrefin í fræðsluferli sem byggir á hæfnigreiningum og hlutverk aðila í hverju skrefi. Vinna í innlendu og erlendu samstarfi við aðila atvinnulífsins að eflingu framhaldsfræðslunnar.

Á árinu 2017 verður lögð áhersla á/innið að eftirtöldum verkefnum:

- Afla upplýsinga um markhópinn og menntunarþarfir hans með því að vinna með og túlka gögn frá innlendum og erlendum aðilum.
- Afla upplýsinga um markhópinn í samstarfi við atvinnulífið með kortlagningu starfa innan ákveðinna starfsgreina í þeim tilgangi að hvetja til hæfnigreininga.
- Efla þátttöku atvinnulífsins í hæfnigreiningum. Hér má nefna að líkur eru á að FA taki að sér hæfnigreiningar fyrir ferðaþjónustuna (Hæfnisetur ferðaþjónustunnar) í störfum sem sinnt er af markhópnum.
- Þjálfna umsjónarmenn greininga og fylgja eftir greiningarverkefnum.
- Sinna beiðnum um greiningarverkefni eins og efni standa til og setja nýja starfaprófíla sem verða til við greiningar inn í hæfnigrunn FA.
- Endurskoða hæfnipáttalýsingar eftir þörfum m.t.t. orðalags og þrepaskiptingar.
- Viðhalda handbók og öðrum upplýsingum sem snúa að hæfnigreiningum.
- Fylgja eftir ritun og notkun námsskráa með það í huga að meta hvernig niðurstöður hæfnigreininga nýtast við námshönnun og námsskráritun.
- Þróa greiningaraðferðina áfram í samræmi við þróun fræðsluhönnunarferlisins.
- Fylgjast með nýjungum á sviði hæfnigreininga og fræðsluhönnunar.
- Vinna að sameiginlegri sýn á hæfniþarfir í atvinnulífi á Norðurlöndum og eflingu starfsnáms á þeim grunni í NVL neti um færniþróun. Þessu verkefni lýkur árið 2017.

Umsjón: Guðmunda Kristinsdóttir.

Áætluð stöðugildi: 2,2

3. Semja námskrár og námslýsingar

Semja námskrár og námslýsingar og vinna með fræðsluaðilum og atvinnulífi að þróun þeirra, sbr. 6. gr. laga nr. 27/2010 um framhaldsfræðslu.

Staðan: 48 námsskrár hafa verið skrifaðar frá upphafi. Af þeim hafa þrjár námskrár verið endurskoðaðar og fengið vottun í gegnum námskrárgrunn mennta- og menningarmálaráðuneytisins, fjórar nýjar námskrár hafa fengið vottun í gegnum námskrárgrunninn og 11 námskrár sem fengu tilraunakennsluleyfi verða endurskoðaðar og sendar í vottun fyrir árslok 2016.

Nokkrar breytingar hafa verið að eiga sér stað í tengslum við námskrárgerð og vottun námskráa, til dæmis í tengslum við nýjan hæfniramma um íslenska menntun og í tengslum við námskrárgrunn mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

Fræðsluferli (greining, hönnun, þróun, innleiðing, mat) vegna starfstengds náms hefur verið skilgreint. Ferlið byggir á hæfnigreiningum starfa. Verkefnið skarast við lið 2. í starfsáætlun. Áfram verður unnið að þróun fræðsluferilsins og hlutverki aðila í hverju skrefi.

Markmið: Á næsta ári verður lögð áhersla á að skilgreina enn betur hlutverk aðila í fræðsluferlinu sem og að vinna áfram að þróun námsskráa og endurskoðun þeirra, en þar er mikið verk fyrir höndum á næstu árum. Einnig verður lögð áhersla á aukið samstarf við samstarfsaðila og að aðstoða þá við gerð námsskráa og námslýsinga eins og kostur er.

Á árinu 2017 verður lögð áhersla á/unnið að eftirtöldum verkefnum:

- Vinna áfram að áframhaldandi þróun náms í framhaldsfræðslunni í samstarfi við fræðsluaðila.
- Vinna að áframhaldandi þróun námsskráa og vottun þeirra í samstarfi við fræðsluaðila og Menntamálastofnun.
- Endurskoða eldri námsskrár eins og kostur er og setja inn í námskrárgrunn fyrir framhaldsfræðslu.
- Veita samstarfsaðilum ráðgjöf og aðstoð við gerð námsskráa og námslýsinga eins og kostur er.
- Vinna að útfærslu á almennri starfshæfni og grunnleikni í námskrám fyrir markhóp framhaldsfræðslunnar.
- Afla þekkingar á hönnun og þróun fræðsluferla og útfærslu þeirra.
- Nýta samlegðaráhrif í starfi FA til hagsbóta fyrir nýja hópa, sbr. lið 11.

Umsjón: Halla Valgeirsdóttir.

Áætluð stöðugildi: 2,0

4. Þróun aðferða í framhaldsfræðslu

Þróa aðferðir í framhaldsfræðslu í samvinnu við fræðsluaðila og miðla innlendum sem erlendum nýjungum um framhaldsfræðslu til fagfólks.

Staðan: Kennslufræðimiðstöð sinnir ofangreindum hluta þjónustusamningsins með námskeiðahaldi, ráðgjöf og ýmsum öðrum leiðum. Markhópur Kennslufræðimiðstöðvar FA er fræðslustarfsmenn sem sinna framhaldsfræðslu í fræðslu- og símenntunarmiðstöðvum, fyrirtækjum og framhaldsskólum. Hönnuð hafa verið 21 mismunandi Stiklunámskeið og jafnframt hefur verið byggt upp gagnasafn, bæði hefðbundið með yfir 600 bókum og einnig rafrænt safn skjala sem vistað er á bóka- og gagnasafni á innri vef FA.

Markmið: Efla gæði framhaldsfræðslu með markvissu faglegu starfi. Áhersla er lögð á faglegan stuðning sem felst í að kynna nýjar áherslur í kennslufræðum fullorðinna, þjálfra fagfólk og veita ráðgjöf um árangursríkar leiðir. Stöðugt verði leitað leiða til að miðla upplýsingum um fræðslu er varða fjölbreyttar kennsluáðferðir og koma til móts við ólíkar þarfir.

Á árinu 2017 verður unnið að eftirtöldum verkefnum:

Þróa faglegt starf sem samræmist kröfum, þörfum og framtíðarsýn þar sem tekið er mið af fræðsluferli framhaldsfræðslu.

- Vinna með fræðsluaðilum að nýjum leiðum við framsetningu á námskrám.
- Styðja við framþróun í kennslufræði sem samræmist nýjum aðferðum.

Halda Stiklunámskeið í samræmi við beiðnir og veita ráðgjöf í kennslufræði eftir því sem óskað er eftir.

- Efla kennslufræðipækkingu með þróun á nýjum leiðum við miðlun og framsetningu Stiklunámskeiða.
- Efla tengslanet við verkefnastjóra sem sinna starfsþróun leiðbeinenda hjá fræðsluaðilum.

Skapa vettvang til að stuðla að aukinni notkun á upplýsingatækni við kennslu.

- FA sinni faglegri forystu við atvinnulífið og fræðsluaðila með rafræna miðlun í bland við aðrar leiðir við miðlun.
- Sífelld verði hugað að kennslufræðilegum atriðum til að styðja við rafræna miðlun og notkun upplýsingatækni við kennslu.

Vinna að því að efla umræðu um framhaldsfræðslu á samfélagsmiðlum.

- Vinna að frekari þróun á rafrænum viðurkenningum.
- Koma á sameiginlegum vettvangi leiðbeinenda í framhaldsfræðslu á samfélagsmiðlum.

Skilgreina grunnleikni og taka þátt í innlendum og erlendum tengslanetum um grunnleikni.

- Unnið verður á vettvangi NVL um grunnleikni fullorðinna. Í undirbúningi er nýtt samstarfsnet sem FA hyggst taka þátt í.

Þróa viðmið um hæfni leiðbeinenda í framhaldsfræðslu.

- Raunfærnimeta leiðbeinendur í fullorðinsfræðslu, meta einingar í framhaldsnámi í háskóla, í samstarfi við HÍ. Raunfærni í atvinnulífi á mótí einingum í framhaldsnámi á háskólastigi.
- Auka samstarf við aðra fagaðila og finna leiðir til að gera það eftirsóknarvert að öðlast hæfni í kennslu fullorðinna.

Notkun fjölbreyttra matsaðferða.

- Vinna að þróun á skilgreiningum fyrir námslok í framhaldsfræðslu með áherslu á þarfir atvinnulífsins.
- Samræma námslok við formlega skólakerfið með skilgreindum aðferðum.
- Nota samræmdan mælikvarða við að meta viðhorf námsmanna. Nota samræmdar þjónustukannanir.

Fylgjast með nýjungum í kennslufræði fullorðinna.

- Leita leiða til að miðla nýjungum til fagfólks og stuðla þannig að þróun nýrra aðferða.

Umsjón: Bergþóra Hlín Arnórsdóttir.

Áætluð stöðugildi: 0,8

5. Tryggja gæði og þróun raunfærnimats

Tryggja gæði og þróun raunfærnimats og fylgjast með framkvæmd þess. Veita starfandi fagfólki þjálfun og leiðbeina um úrlausn álitamála.

Staðan:

Aðferðafræði við raunfærnimat sem mótuð var af Fræðslumiðstöð atvinnulífsins í samráði við hagsmunaaðila, og gerð tillaga um til mennta- og menningarmálaráðuneytisins hefur fest sig í sessi. Sú aðferðafræði er nú orðin hluti af reglugerð nr. 1163 um framhaldsfræðslu.

Raunfærnimat hefur verið framkvæmt á mótí 53 námskrám og 5 störfum auk þess sem unnið er að þróun fleiri verkefna. Á árunum 2007 til október 2016 hafa um 3.050 einstaklingar lokið raunfærnimati á vegum FA.

Markmið:

- Tryggja gæði og að aðferðafræðinni sé fylgt í þeim starfsgreinum þar sem raunfærnimat er framkvæmt, leggja mat á skil og árangur af þeim verkefnum. Áhersla er lögð á gæðamál, samstarf við framkvæmdaraðila, að tryggja aðkomu hagsmunaaðila og á réttindi þess sem fer í raunfærnimat.
- Leiða þróun og samstarf við hagaðila um þróun raunfærnimats á nýjum sviðum fyrir markhóp FA
- Taka þátt í innlendu og erlendu samstarfi um raunfærnimat, fylgjast með þróun þess erlendis og miðla inn í starfsemi FA og samstarfsaðila.

Á árinu 2017 verður lögð áhersla á/unnið að eftirtöldum verkefnum:

- Tryggja gæði og þróun raunfærnimats, fylgjast með framkvæmd þess og bregðast við ef þörf er á.
- Veita starfandi fagfólki þjálfun og leiðbeina um úrlausn álitamála.
- Vinna með hagsmunaaðilum að frekari þróun raunfærnimats á mótí viðmiðum atvinnulífs og tengingu raunfærnimats þar sem notuð er viðmið atvinnulífs við íslenska hæfnirammann (ISQF).
- Vinna með hagsmuna- og samstarfsaðilum við að greina þörf og möguleika fyrir raunfærnimat í nýjum greinum.
- Innleiða skráningu eininga sem eru staðfestar með raunfærnimati í INNU- upplýsingakerfi skóla.
- Innleiða gæðakerfi um framkvæmd raunfærnimats
- Fylgjast með og taka þátt í erlendu samstarfi, þróun raunfærnimats og miðla inn í starfsemi FA og samstarfsaðila.
- Miðla upplýsingum um framkvæmd, þróun og árangur raunfærnimats á Íslandi innanlands og erlendis.
- Ráðgjöf til Fræðslusjóðs og framkvæmdaáðila vegna umsókna, úthlutana og úthlutunarreglna.
- Upplýsingaöflun fyrir Fræðslusjóðs vegna greiðslumóðels fyrir raunfærnimat
- Móta skilvirka leið til að uppfæra gátlista og skimunarlista í samræmi við breytingar á námskrám og viðmiðum atvinnulífs

Umsjón: Haukur Harðarson.

Áætluð stöðugildi: 0,9

6. Safna, varðveita og miðla upplýsingum

Safna, varðveita og miðla upplýsingum í samstarfi við Menntamálastofnun og Hagstofu, sbr. 13. gr. laga nr. 27/2010 um framhaldsfræðslu.

Staðan: Fræðsluaðilar skila til FA upplýsingum (tvisvar á ári) um vottaðar námsleiðir þær sem opinberu fjármagni (Fræðslusjóður) er veitt til. Einnig veita fræðsluaðilar FA upplýsingar um annað nám fyrir markhópin sem greitt er af öðrum. Fræðsluaðilar skrá reglulega inn upplýsingar um viðtöl og kynningar í náms- og starfsráðgjöf í nemendabókhalde en þessar upplýsingar eru síðan sóttar af FA (fjórum sinnum á ári) inn í grunninn til úrvinnslu. Þá skila fræðsluaðilar einnig upplýsingum um framgang verkefna í raunfærnimati tvisvar sinnum á ári. Unnið er úr þessum upplýsingum hjá FA, fylgst með árangri í starfinu, farið yfir fjármálauppgjör fræðsluaðila og borið saman við niðurstöður úr starfinu.

Markmið: Fylgjast reglulega með þróun og framvindu starfsins hjá viðurkenndum fræðsluaðilum, greina og túlka upplýsingar og vinna skýrslu fyrir stjórnir Fræðslusjóðs og FA. Miðla þessum upplýsingum áfram innanlands og utan eftir því sem tilefni gefst til.

Á árinu 2017 verður lögð áhersla á/unnið að eftirtöldum verkefnum:

- Gera hálfárslega skýrslu og ársuppgjör um framvindu í vottuðum námsleiðum, náms- og starfsráðgjöf og raunfærnimati.
- Upplýsa starfsmenn FA, Fræðslusjóð, samstarfsaðila og hagsmunaaðila um framgang starfsins og áherslubreytingar.
- Bera saman þjónustusamninga og árangursviðmið þeirra og niðurstöður frá fræðsluaðilum. Grípa inn í, með skriflegum ábendingum, við frávik.
- Setja upplýsingar um framvindu í starfinu á heimasíðu FA.
- Upplýsa stjórnir Fræðslusjóðs og FA um stöðu mála með reglulegu millibili.
- Önnur tölfræðiráðgjöf sem snerta framkvæmd framhaldsfræðslunnar.

Umsjón: Guðrún Erla Öfjörð Ólafsdóttir

Áætluð stöðugildi: 0,7

7. Umsjón með þróun náms- og starfsráðgjafar

Hafa umsjón með gæðum og þróun náms- og starfsráðgjafar fyrir markhópin í samstarfi við fræðsluaðila og sérfræðinga hér á landi sem og erlendis og miðla þekkingu á því sviði til fagfólks.

Staðan: Náms- og starfsráðgjöf hjá fræðslu- og símenntunarmiðstöðvum er nú framkvæmd hjá 13 aðilum. Samtals sinna nú verkefninu 25 - 27 ráðgjafar um land allt, í mismiklu starfshlutfalli. Þeir eru með kynningarfundum á vinnustöðum, einstaklingsviðtöl, hópráðgjöf, taka þátt í virknaðgerðum fyrir atvinnuleitendur, verkefnum í raunfærnimati og þróun aðferðafræði í samstarfi við FA m.a. í gegn um erlend þróunarverkefni.

Markmið: Efla sérfræðiþekkingu í náms- og starfsráðgjöf innan framhaldsfræðslunnar með því að halda utan um samstarf ráðgjafa um allt land ásamt því að leita leiða til að efla gæði þjónustunnar í gegnum þróun aðferðafræði og endurgjöf frá notendum þjónustunnar.

Á árinu 2017 verður lögð áhersla á/innið að eftirtöldum verkefnum:

- Undirbúa, þarfagreina og halda 2-3 fræðslufundi með ráðgjöfum á árinu 2017. Veitt er fræðsla og símenntun tengd viðfangsefnum og fagi ráðgjafar eftir því sem fjármagn leyfir.
- Afla upplýsinga um þarfir markhópsins hjá náms- og starfsráðgjöfum og miðla inn í starfsemi FA.
- Fylgjast með tölulegum upplýsingum og skráningu í MySchool/ INNU
 - varðandi fjölda viðtala, ástæðu viðtals, niðurstöðu, tegund o.fl.
 - varðandi brotthvarf nemenda framhaldsfræðslunnar
- Vinna áfram að samræmingu á vinnubrögðum varðandi stuðning og eftirfylgni við nemendur og sérstaklega þá sem eru í brotthvarfshættu (ath. Menntun núna verkefnið).
- Vinna að EQM gæðavottun í ráðgjöfinni.
- Kynna ráðgjöfum atvinnulífið og áherslur þess.
- Vinna með reynslu og lærdóm af verkefninu Ráðgjöf í atvinnulífinu /Worklife guidance í þróun ráðgjafar í samstarfi við fyrirtæki og stofnanir og miðla inn í starfið.
- Vinna að áframhaldandi þróun vefjarins [Næsta skref](#) og uppsetningu í nýtt vefumsjónarkerfi – sjá minnisblað um verkefnið og [Snepil 4/2016](#).
- Samstarf við Náms- og starfsráðgjöf Félags- og mannvísindadeildar Háskóla Íslands og aðkomu að vettvangsnámi nema og miðlun upplýsinga til nema og námsins.
- Skilgreina og vinna að úrbótum og þróun á grundvelli erlends samstarfs og þróunarverkefna.
 - Vinna í NVL neti um ráðgjöf.
 - Erasmus+ verkefnið, *Þróun náms- og starfsráðgjafar fyrir atvinnulífið*.

Umsjón: Arnheiður Gígja Guðmundsdóttir

Áætluð stöðugildi: 1,8

8. Auka gæði í framhaldsfræðslu

Stuðla að auknum gæðum fræðslustarfs, raunfærnimats og ráðgjafar hjá viðurkenndum fræðsluaðilum með þróun gæðaviðmiða í samráði við Menntamálastofnun.

Staðan: Frá árinu 2012 hefur verið unnið eftir gæðaviðmiðum European Quality Mark (EQM) í þeim tilgangi að auka gæði fræðslustarfs. Í árslok 2016 höfðu sextán fræðsluaðilar hér á landi hlotið gæðavottun samkvæmt evrópska gæðamerkinu EQM og lokið þriggja ára vottunarferli. Gæðavottunarferli FA hefur verið endurskoðað og byggir nú á þremur stoðum framhaldsfræðslunnar, fræðslu, raunfærnimati, náms- og starfsráðgjöf.

Markmið: Efla gæði fræðslustarfs með þróun á EQM gæðakerfinu í framhaldsfræðslu. Á árinu verður sérstök áhersla lögð á að kynna ný viðmið, veita ráðgjöf, miðla upplýsingum og stuðla að aukinni gæðavitund í framhaldsfræðslukerfinu. Áfram verður unnið með Menntamálastofnun og MRN að þróun gæðavottunarferils.

Á árinu 2017 verður unnið að eftirtöldum verkefnum:

Áframhaldandi þróun EQM gæðaviðmiða og vottunarferlis sem inniheldur þrjár stoðir framhaldsfræðslunnar, fræðslustarfsemi, náms- og starfsráðgjöf og raunfærnimat.

- Hefja nýtt þriggja ára vottunarferli sem byggir á þremur stoðum framhaldsfræðslunnar.
- Kynna nýjungar og breytingar fyrir fræðsluaðilum sem nota kerfið. Áhersla verður á endurskoðuð viðmið fyrir fræðslu og ný viðmið í raunfærnimati, náms og starfsráðgjöf og vottunarferlið.
- Val á matsaðila til að sinna gæðaúttektum og þróun matsferils í samræmi við kröfur.
- Bjóða nýjum fræðsluaðilum upp á gæðavottun EQM.

Vinna að nýju skipulagi á gæðavottun í samstarfi við MRN og Menntamálastofnun í þeim tilgangi að einfalda kerfið og gera það skýrara en nú er.

- Skoða og meta samlegðaráhrif gæðavottunarferlis og viðurkenningar fræðsluaðila við endurskoðun laga um framhaldsfræðslu.
- Aðlaga og samræma úttektir á faglegum og rekstrarlegum þáttum starfseminnar.

Vinna að þróun á öðru þrepi gæðakerfis EQM, ætlað aðilum með einfalda fræðslustarfsemi svo sem fyrirtæki og starfsmenntasjóðir.

- Þróa eitt kerfi með tveimur þrepum, þar sem 1. þrep hentar fræðsluaðilum sem hafa margþætta og flókna starfsemi á sviði framhaldsfræðslu og 2. þrep fyrir einfalda fræðslustarfsemi, sem nýtist starfsemi starfsmenntasjóða og fyrirtækja.

Taka þátt í erlendu og innlendu samstarfi um aukin gæði í framhaldsfræðslu.

- Fylgjast með nýjungum og þróun á sviði gæðamála í menntun.

Umsjón: Bergþóra Hlín Arnórsdóttir.

Áætluð stöðugildi: 0,4

9. Þróa og viðhalda nemendabókhalda

Þróa og viðhalda nemendabókhalda í samstarfi við fræðsluaðila og Menntamálastofnun, þar sem taka skal mið af mati á fyrra námi og raunfærni, sbr. 2. og 3. mgr. 13. gr. laga nr. 27/2010 um framhaldsfræðslu.

Staðan: Námsnetið MySchool er nú í notkun hjá öllum samstarfsaðilum FA. Námsnetið hefur verið stöðugt í aðlögun að starfi framhaldsfræðslunnar en ekki verið fullnægjandi að mörgu leyti. Ábendingar hafa borist um að kerfið henti illa við skráningu á einingum úr raunfærnimati.

Markmið: Að taka upp nýtt kerfi (INNA) sem hentar betur þörfum markhópsins og sjá um að samstarfsaðilar fái nauðsynlega þjálfun við upptöku kerfisins. Veita einstaklingum upplýsingar um námsferil sinn.

Á árinu 2016 verður lögð áhersla á/unnið að eftirtöldum verkefnum:

- Taka upp nýtt nemendabókhalda kerfi (INNA) og aðlaga og þróa þjónustu vegna kerfisins í samræmi við þjónustusamning.
- Veita ráðgjöf og þjónustu við upptöku nýs kerfis.
- Hafa umsjón með og aðstoða þjónustuaðila með yfirfærslu gagna í nýtt kerfi.
- Aðlaga og þróa nemendabókhalda eftir því sem starfsemin þróast.

Umsjón: Guðrún Erla Öfjörð Ólafsdóttir

Áætluð stöðugildi: 0,5

10. Miðla upplýsingum um framhaldsfræðslu.

Miðla upplýsingum um það starf sem fer fram á vettvangi framhaldsfræðslu, bæði hér á landi og erlendis, í þeim tilgangi að auka þekkingu og efla skilning á málafloknum.

Staðan: Frá upphafi FA hefur miðlun upplýsinga um starfsemina verið liður í starfinu. Helstu kynningarviðburðir eru útgáfa ársritsins Gáttar og ársfundur FA. Gátt hefur verið gefin út árlega frá 2004 og því er útgáfan 2017 sú fjórtánda. Vefur FA er mikilvægur þáttur í miðlun upplýsinga. Unnið hefur verið að hönnun á samræmdu útliti á kynningum símenntunarmiðstöðvanna á framhaldsfræðslu. Á árinu 2015 var samþykkt merki framhaldsfræðslunnar og gerð vefsíða til að kynna það. Kynningar á starfinu eru reglulegur liður í öllum þáttum starfseminnar.

Markmið: Halda áfram kynningarstarfi á sambærilegan hátt og verið hefur. Efla markaðssetningu framhaldsfræðslunnar með kynningu á framhaldsfræðslumerkinu og vefsíðu því tengdu, ásamt því að kynna árangur framhaldsfræðslunnar.

Á árinu 2017 verður lögð áhersla á/unnið að eftirtöldum verkefnum:

- Gefa út Gátt, ársrit um framhaldsfræðslu.
- Halda ársfund FA að hausti.
- Viðhalda og þróa vef FA.
- Viðhalda og þróa vef framhaldsfræðslan.is
- Kynna framhaldsfræðslumerkið og vefsíðuna á samfélagsmiðlum í samstarfi við fræðsluaðila.
- Útgáfa bæklinga til kynningar á framhaldsfræðslu m.a. bækling um árangur framhaldsfræðslunnar.
- Kynna hæfnigreiningaraðferðina fyrir samstarfsaðilum og hagsmunaaðilum og hvernig hægt er að standa að hæfnigreiningum.
- Miðla upplýsingum um framkvæmd, þróun og árangur raunfærnimats á Íslandi innanlands og erlendis.
- Miðla upplýsingum um framhaldsfræðslu hérlendis og erlendis m.a. með móttöku gesta.
- Taka þátt í og halda ráðstefnur um framhaldsfræðslu.
- Skoða möguleika á fjármögnun vegna markaðssetningar á framhaldsfræðslu.

Umsjón: Sigrún Kristín Magnúsdóttir, Bergþóra Hlín Arnórsdóttir.

Áætluð stöðugildi: 1,2

11. Undirbúa aðkomu nýrra hópa að framhaldsfræðslu

Undirbúa aðkomu nýrra hópa, s.s. innflytjenda, fatlaðra og hælisleitenda, að framhaldsfræðslu og nýta samlegðaráhrif í starfi FA.

Staðan: Lögin um framhaldsfræðslu eru rammalöggjöf. Markmið laganna er að ná til sem flestra þeirra, sem ekki hafa lokið námi frá framhaldsskóla. FA hefur gott aðgengi að þeim hluta hópsins, sem er á vinnumarkaði eða tímabundið utan hans. Þar sem atvinnuþátttaka á Íslandi er mjög mikil er um að ræða litla hópa sem standa utan vinnumarkaðar. Þó er ljóst að hópur innflytjenda fer þar ört vaxandi og gagnlegt væri að tengja betur leiðir framhaldsfræðslunnar almennt við þá einstaklinga sem sækja síður í nám í gegnum aukið samstarf við hagsmunaaðila á svæðunum.

Markmið: Að nýta samlegðaráhrif í starfi FA til hagsbóta fyrir hópa sem standa utan vinnumarkaðar með áherslu á innflytjendur, hælisleitendur og einstaklinga sem sækja sér síður nám.

Á árinu 2017 verður lögð áhersla á/innið að eftirtöldum verkefnum:

- Þróun leiða til að auka tækifæri innflytjenda til náms og starfa í samstarfi við Rauða krossinn og viðeigandi hagsmunaaðila.
- Umsókn um styrk úr Erasmus+ KA 3 um verkefnið VISKA (Visible Skills of Adults) var samþykkt í desember 2016 og mun FA vinna í samstarfi við IÐUNA-fræðslusetur að þróun aðferða og tækja (skills audit, transversal skills) til að draga fram færni innflytjenda. Noregur leiðir verkefnið. Aðrir samstarfaðilar eru Írar, Hollendingar og Belgar.
- Leggja áherslu á náms- og starfsráðgjöf fyrir fólk sem stendur fjær námi, innflytjendur og hælisleitendur og byggja nálgun á upplýsingum úr Menntun núna verkefnum og GOAL - erlendu samstarfsverkefni, sem lýst er sérstaklega hér fyrir neðan:

GOAL verkefnið er unnið samkvæmt umsókn/áætlun sem hlaut styrk úr Erasmus Key Action 3: Guidance and Orientation for Adult Learners (GOAL)

Staðan: Mennta- og menningarmálaráðuneytið fól Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) að taka þátt í umsókn í verkefnasjóð Erasmus + Key Action 3: Stuðningur við stefnumótun um framtíðarverkefni. Sjóðurinn veitir styrki í verkefni þar sem þróaðar eru nýjungar í menntamálum á stefnumótunarstigi í gegnum alþjóðlegt samstarf. FA tók þátt í forumsóknarferli og lokaumsóknarferli á árinu 2014 ásamt samstarfsaðilum. Verkefnið hófst formlega 1. febrúar 2015 undir forystu flæmska mennta- og menningarmálaráðuneytisins í Belgíu. Önnur samstarfslönd eru Holland, Tékkland, Slóvenía og Litháen. Að auki er breskur matsaðili og fulltrúi frá Tyrklandi fylgist með þróuninni. Verkefnið er til þriggja ára og er unnið í samstarfi við Mími-símenntun og Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum, á þeirra svæðum.

Markmið: Í gegnum samstarf landanna verða þróaðar leiðir fyrir heildstæða þjónustu ráðgjafar sem beinist að hópum samfélagsins sem sækja síður í nám. Þróunin mun byggja á þeirri þjónustu sem er til staðar í löndunum, en áhersla lögð á aukinn árangur með auknu samstarfi. Skilgreindar verða árangursríkar leiðir við að virkja markhópin til náms þ.á.m. úrræði sem má nýta á vettvangi, fyrirkomulag samstarfs hagsmunaaðila og ábendingar fyrir áframhaldandi stefnumótun fyrir málaflokkinn. FA og fræðslu/símenntunarmiðstöðvar hafa þróað öflugna náms- og starfsráðgjafarþjónustu innan framhaldsfræðslunnar fyrir fullorðna, en þörf hefur verið á að færa

vettvanginn nær fleiri hópum í því skyni að hvetja til náms. Unnið verður í nánú samstarfi við Sveitarfélög og Vinnumálaskrifstofur á viðkomandi svæðum. Verkefnið fellur að markmiðum þjónustusamnings FA við mennta- og menningarmálaráðuneytið og er fjármagnað að stórum hluta sérstaklega.

- Verkefnastýring og þátttaka í samráðsvettvangi samstarfslanda
- Koma á og þróa tengslanet og samstarf tengdra hagsmunaaðila/stofnana fyrir þróun verkefnisins hérlendis (þ.á.m. Mennta- og menningarmálaráðuneytinu, Vinnumálastofnun, Sambandi íslenskra sveitafélaga, Rauða krossinum, Fangelsismálastofnun og Leikn)
- Þróa sérstakar aðferðir/tæki fyrir þjónustu náms- og starfsráðgjafa sem beinist að hópum samfélagsins sem sækja síður í nám (t.d. atvinnuleitendur, fólk af erlendum uppruna, hælisleitendur, einstaklingar hjá félagsþjónustunni, fólk í endurhæfingu, fangar o.fl.)
- Skilgreina færniþætti ráðgjafa sem styðja þá í að vinna með sérstakar þarfir markhópsins
- Styðja við framkvæmdaraðila við að færa þjónustuna þar sem markhópin er að finna (outreach/vettvangsnálgun, N=100) í samstarfi við hagsmunaaðila á svæðunum
- Aðlaga gæði ráðgjafarþjónustu í því skyni að notendur nái sem mestum árangri
- Taka þátt í að meta stöðu mála fyrir framvindu og innihald verkefnisins
 - Vinna með Menntavísindastofnun að matshluta verkefnisins
- Miðla upplýsingum um verkefnið
 - Útbúa upplýsingaefni
 - Miðlun upplýsinga til tengslaneta og hagsmunaaðila

Umsjón: Fjóla María Lárusdóttir.

Áætluð stöðugildi: 1,4

12. NVL

Verkefni utan þjónustusamnings FA og MRN.

Staðan: Mennta- og menningarmálaráðuneytið fól Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) að vista NVL, Norrænt tengslanet um nám fullorðinna á Íslandi. NVL er áætlun sem Norræna ráðherranefndin fjármagnar samningur um starfsemina gildir til 31. desember 2017 en FA hefur verið umsjónaraðili fyrir hönd Íslands frá árinu 2005.

NVL er norrænn vettvangur fullorðinsfræðslu þar sem athygli er beint að nýsköpun, miðlun og árangri. NVL hvetur til samræðu á milli aðstandenda ólíkra tengslaneta, kemur á nýjum netum og eflir framlag þeirra til norræns samstarfs. Antra Carlsen er framkvæmdastjóri NVL og höfuðstöðvar eru hjá VOX, norsku færnipróunarstofnuninni. Fulltrúi Íslands er Sigrún Kristín Magnúsdóttir, sérfræðingur hjá FA.

Markmið: Vinna að þeim markmiðum sem embættismannanefnd Norrænu ráðherranefndarinnar um menntun og rannsóknir samþykkir og í samræmi við verkáætlanir NVL.

Á árinu 2017 verður lögð áhersla á/innið að eftirtöldum verkefnum:

- Vinna á grundvelli samnings um NVL undir stjórn norræns framkvæmdastjóra og samkvæmt starfs- og fjárhagsáætlunum fyrir starfsemi NVL á Íslandi.
- *Færniþróun í atvinnulífinu* er samstarfsnet sem fulltrúi Íslands hefur umsjón með. Í netinu eru fulltrúar fræðsluaðila, launþega og atvinnurekendasamtaka á Norðurlöndunum. Markmiðið er að varpa ljósi á hindranir fyrir þróun hæfni í atvinnulífinu og efla og auka skilvirkni og samspil formlegrar menntunar og náms sem fram fer á vinnumarkaði. Skýrsla með niðurstöðum verður birt og kynnt á Norðurlöndum 2017.
- Miðlun upplýsinga um þróun á sviði fullorðinsfræðslu.
- Undirbúningi og framkvæmd innlendra viðburða í samstarfi NVL og FA og annarra aðila á Íslandi sem koma að fræðslu fullorðinna.

Umsjón: Sigrún Kristín Magnúsdóttir.

Áætluð stöðugildi: 0,7